



Grunnskóli Hornafjarðar

Fimmtudagsval eftir áramót tímabil 3 og 4

7. – 9. bekkur



Munið að lesa vel hvað er í boði svo þið séuð viss um
að vilja það sem þið veljið

Valhópar í 7. – 9. bekk janúar - maí 2021

Valtíminn er 60 mínútur og er á fimmtudögum kl. 13:00. Tvö valtímabil verða fram að vori, það fyrra hefst 7. janúar og það síðara 11. mars. Einstaka val tekur yfir bæði tímabilin og er það tekið sérstaklega fram. Hver nemandi á að velja sér tvo hópa númer 1, tvo númer 2 og tvo númer 3. Reynt verður að koma öllum í fyrsta val en reynslan sýnir að er það ekki alltaf hægt og því er mikilvægt að nemendur séu sáttir við allt sem þeir velja sér.

1. Breakout - EDU

Breakout EDU er skemmtilegur leikur sem snýst um að brjótast inn í læsta kassa og leysa þrautir. Þessir þrautaleikir eru orðnir mjög vinsælir um allan heim í svokölluðum Escape herbergjum. Í þessu vali munum við spila leiki en líka það allra skemmtilegasta búa til nýjar þrautir fyrir aðra hópa að leysa.



2. Söngur

Í þessu vali syngjum við saman, æfum lög og flytjum við tækifæri.

3. Kósýstundir í smíðastofunni

Allskonar verkefni verða í boði. Farið er framá að nemendur komi með sínar eigin hugmyndir og teikningu af verkefni og með samþykki kennara verður sú hugmynd framkvæmd og er ekkert óyffirstíganlegt.



4. Glersmiðja



Í glersmiðju verða unnir munir úr gleri annað hvort sem mósaíkmunir eða einfaldir Tiffanys-glermunir. Hugmyndir að mósaíkmunum eru til dæmis kertastjakar, speglar og veggmyndir. Tiffanys-glermuni má nota sem stytur eða sem gluggaskraut. Ímyndunaraflinu verður gefinn laus taumurinn og sköpun skiptir öllu máli í þessari smiðju.

5. Skólahreysti

Æft verður fyrir skólahreysti sem verður haldin á Egilsstöðum í apríl. Mikið þrek, armbeygjur, upphíingar, dýfur og hreystigrip.



6. Körfuboltaval



Farið verður í grunntækni og er markmiðið að kenna undirstöðuatriði í körfubolta. Lögð er áhersla að nemendur taki virkan þátt í tímum.

7. Skólablað

Býr blaðamaður í þér? Ef svo er, er tilvalið að koma í skólablaðsval og taka þátt í að skrifa og gefa út skólablað Heppuskóla. Ýmis hlutverk bjóðast svo sem; fréttamennska, slúður-blaðamennska, söfnun og samning auglýsinga, uppsetning og prentun svo fátt eitt sé talið.



8. Boostbarinn



Lærðu að útbúa holla drykki og safa eftir uppskriftum. Námsmat byggir á virkni í tímum og frágangi.

9. Ítölsk matargerð

Nemendur læra að elda ýmsa rétti sem eiga rætur sínar að rekja til Ítalíu. Námsmat byggir á ástundum og frammistöðu í tímum. Tekið er mið af framgöngu nemandans, vinnubrögðum, efnisnotkun, virkni/sjálfstæði, umgengni og frágangi.



10. Enska – creative writing

Námskeið á ensku fyrir þig sem hefur áhuga á skapandi skrifum og langar að þróa rithæfileika þína. Þættir námskeiðsins:

- Mismunandi flokkar bókmennta (Genres). Hvað gerir hryllingssögu góða? Hvað þættir eru mikilvægir þegar ég skrifa rómantíska sögu?
- Hugsa eins og rithöfundur
- Byggja upp raunverulegar persónur (Character development)
- Sögumaðurinn (Narrator)



Námskeiðið er hægt að sérsníða eftir þörfum og óskum þátttakenda. Námskeiðið fer fram á ensku. Þáttakendur skila verkefni og fá endurgjöf. Markmiðin eru að þjálfra ensku samhliða því að láta sköpunargáfuna og ímyndaraflið njóta sín.


11. Sænska

Skulle du vilja læra dig att prata lite svenska? Myndir þú vilja læra að tala smá sænsku? Þetta byrjendanámskeið í sænsku getur nýst þér á ferðalögum á norðurlöndum eða seinna í námi eða vinnu. Áhersla er lögð á talað mál. Við vinnum með nokkur þemu:

- Kynningar, kveðjur
- Fjölskyldan mín, vinir, áhugamál
- Tölur, dagar, mánuðir
- Matur og veitingarhús
- Verslanir



Námskeiðið er hægt að sérsníða eftir þörfum og óskum þátttakenda. Markmiðin eru að getað kynnt sig sjálfur, fjallað aðeins um sjálfan sig, fjölskyldu og áhugamál á sænsku, geta skilið og spurt algengra spurninga í verslunum og á veitingarhúsi.



17. Heimavinna

Vantar þig aðstoð við heimanám? Langar þig að spjalla um heima og geima? Viltu reyna þig í stærðfræðispilum eða þrautum? Mælt er með því að þeir sem vilja fá ró og næði komi í þennan hóp. Þar verður nóg að gera en allt í rólegri kantinum.

18. Fingrasetning

Hér er farið í að æfa rétta fingrasetningu, læra stöðu bókstafa á lyklaborðinu til að æfa og bæta innsláttarhraða sinn án þess að þurfa að horfa á lyklaborðið.



19. Danska

Viltu auka færni þína í dönsku? Viltu fræðast um danska menningu og siði? Viltu horfa á spennandi og góðar danskar myndir? Komdu þá í dönskuval það verður bara gaman.

20. Golf

Þetta val er fyrir þá sem vilja læra golf eða verða betri í golfi. Staða, grip, sveifla og fleira kennt og æft. Þeir sem velja þetta verða sjálfir að koma með golfsettið.



21. Fávitar

Við fórum á frábæran fyrirlestur hjá Sólborgu og Þorsteini í haust sem kallaðist karlmennskan og fávitar. Sólborg gaf svo nýlega út bók sem heitir Fávitar og snýr að hinum ýmsu málefnum. Okkur langar með þessu vali að bjóða upp á umræðustundir, byggða á bókinni og fyrirlestrinum en í hvoru tveggja var komið víða við og má t.d. nefna kynlíf, sjálfsfróun, þungun, sjálfstraust, sambönd, hinseginleika, ofbeldi, kynsjúkdóma, getnaðarvarnir og svo margt fleira.



TÖLUM SAMAN ☺

22. Hlutverkaleikur – gefum ímyndunaraflinu lausan tauminn

Nemendur fá að kynnst nýjustu útgáfu hlutverkaspilsins Dungeons and Dragons (5. útgáfa). Nemendur læra að skapa sína eigin persónu út frá reglum leiksins, velja sér útlit, hæfileika, hlutverk og ákveða svo bakgrunn persónunnar. Þegar persónur eru fullskapaðar er hægt að hefja leikinn sem



snýst um að leikmenn sýni samstöðu og leysi ákveðin verkefni í sögu sem getur tekið óvænta stefnu. Eina sem nemendur þurfa að hafa með sér er góða skapið og vilja til að skapa og taka þátt í ævintýri þar sem álfar, dvergar, drekar og alls kyns ófreskjur geta komið við sögu.

23. Kátakot

Finnst þér gaman að vera með börnum? Kanntu skemmtilega leiki, bæði inni og úti sem þú gætir kennt og farið í með yngri börnum? Í Kátakoti eru börn í 1.-4. bekk sem langar mikið að fara í leiki með eldri krökkum. Þetta val gæti verið á öðrum dögum en fimmtudögum og þá verið frá kl. 14:30-16:00 en þá fellur fimmtudagstíminn niður í staðinn. Ef þetta er eitthvað fyrir þig skaltu endilega skrá þig í þetta val.





Valblað

Nafn: _____ bekkur: _____

Smiðja

Nú átt þú að velja þér valhópa fram að vori. Þú átt að velja fyrir tvö tímabil þannig að þú þarft að velja 1 tvisvar sinnum, 2 tvisvar og 3 tvisvar sinnum. Reynt er að koma sem flestum í 1. val en ef það tekst ekki þá er notað 2. eða 3. val.

Breakout - EDU	()	Stand-up comedy (uppistand)	()
Söngur	()	Fósturfræði	()
Kósý í smíðastofu	()	Veiðimennska og íþróttaskotfimi	()
Glersmiðja	()	Spilaval	()
Skólahreysti	()	Heimavinna	()
Körfubolti	()	Fingrasetning	()
Skólablað	()	Danska	()
Boost - barinn	()	Golf	()
Ítölsk matreiðsla	()	Fávitar	()
Creative writing	()	Hlutverkaleikur D&D	()
Sænska	()	Kátakot	()
Verklegar tilraunir	()		

Athugið: Ekki verður hægt að breyta vali hjá þeim sem fá það sem þeir völdu svo verið viss um að vilja það sem þið veljið.

Ef einhverjar spurningar vakna varðandi valið þá vinsamlegast hafið samband við Eygló.

Vinsamlegast skilið valblaðinu fyrir 6. desember 2020